

Djúpagámar í Skarðshlíð

9.feb 2017

Minnisblað/IRD

Nýtt skipulag í Skarðshlíð gerir ráð fyrir að hvert hús sé ekki lengur með ruslatunnur, heldur er gert ráð fyrir að „ruslastöð“ sé staðsett miðsvæðis í vistgötum. Þangað fari allir íbúar með sitt rusl og þar eigi að vera hægt að flokka rusl. Gert er ráð fyrir að þetta séu niðurgrafnir gámar.

Nokkrir punktar til að hafa í huga varðandi þessa lausn:

- Það þarf að passa að það sé nægjanleg rýmd til að anna öllum íbúunum. Hvert hús hefur núna 2x240L ílát og það þarf að hafa þá tölu til hliðsjónar.
- Flokkun til framtíðar. Mögulega bætast við flokkar sem bærinn ætlar íbúum að flokka og það þyrfti að vera hægt að bæta ílátum við ef svo ber undir.
- Aðeins að athuga grein 3.14. Er hún rétt ?
- Væri kannski möguleika að smíða yfirbyggt gerði með venjulegum 660L ílátum í stað niðurgrafna gáma ?
- Það væri ókostur að hafa ruslastöðina/gámana á bæjarlandi og í eign bæjarins. Umgengni um slíkt yrði að öllum líkindum alls ekki nægjanlega góð. Þá þyrfti bærinn að hreinsa ílát og umhverfi reglulega í stað íbúa. Það er á skjön við þá þjónustu sem aðrir íbúar bæjarins fá. Hentugast væri að lóðin og ílátin yrðu sameign íbúana í viðkomandi götu.
- Gerð og útfærsla íláta skiptir miklu máli varðandi þjónustu sem bærinn veitir við losun á þeim. Nú þegar er til útfærsla við Norðurbakka 7 og 9 sem best væri að styðjast við og er verið að horfa til þess sérhæfða búnaðs og bíla sem þarf til þess.
- Reynslan frá Norðurbakkanum sýnir að það sé mikill kostur að hafa dren í botninum fyrir vökva sem safnast þar fyrir. Þetta þyrfti að tengja fráveitu.
- Það þarf að hafa í huga hvort þetta eigi að vera læst svo að einungis íbúar í hverfinu gangi um gámana.
- Snjósöfnum við gáma gæti verið vandamál, bæði fyrir íbúa og verktaka. Enn væri best að íbúar myndu sjá um þennan þátt, rétt eins og aðrir.

Helstu niðurstöður:

- Ef haldið er í þessa lausn með sameigilegt ruslagerði/gáma þarf það að vera staðsett innan lóða íbúanna og að ílátin séu sameign þeirra.
- Skoða hvort val væri um gerði eða gáma, en þá þyrfti allt hverfið að vera með sömu gerð.
- Það verður að vera möguleiki á plássi fyrir auka ílát til flokkunar í framtíðinni.
- Útfærslan verður að falla að þjónustu bæjarins.
- Mjög mikilvægt að rýmd ílátanna anni örugglega fjölða íbúa á svæðinu sem því er ætlað.